

sem eigi eru einnig eigendur, hafa ýmsum skyldum að gegna um uppihald margvíslegrar réttarvörzlu varðandi ábýlisjörðina. Kemur ábúandinn oft fram sem fullgildur fyrirsvarsmáður ábýlisjarðarinnar, og þykir eigi sjaldan jafnvel traustara að hafa reyndan og þaulsætinn ábúanda í fyrirsvari en eiganda sjálfan, þegar miklu þykir varða. Fer slíkt að vonum, þar eð slíkum ábúanda er þegar orðið annt um hag og reisin jarðarinnar af löngum og daglegum viðskiptum þeirra á milli. Má því vel skilja, að hann þykist hafa bæði siðferðilegra og efnalegra hagsmuna að gæta í málefnum þeim, sem jörðina beinlínis áhræra. Ábúandinn hlýtur því jafnaðarlegast í máli, sem varðar landamerki ábýlisjarðar hans, að láta sig það verulegu skipta, hvern veg málinu reiðir af. Slík afstaða þykir eðlilega mjög nálgast aðild máls, ef þá ekki beinlínis um aðild ræðir.

Í vitnamáli þessu og með hliðsjón af því, sem áður greinir um óskýrleika vitnanna í skýrslum þeirra, verður að telja tengdir vitnanna við aðalmálsefnið og væntanleg úrslit þess svo nánar, að eigi þykir hlýða, að þau hafi þess kost að staðfesta skýrslur sínar með eiði eða drengskaparheiti.

Því úrskurðast:

Vitnunum Guðmundi Einarssyni og Ísleifi Pálssyni skal synjað þess að staðfesta með eiði eða drengskaparheiti skýrslur sínar, sem fram komu í merkjadóminum 4. október 1952.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 46/1951. **Ákærvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn

Agnari Bogasyni (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrði. Brot gegn 108. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í málinu, þar á meðal skýrslur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og endurrit úr lögregluþingbók Reykjavíkur af prófum þeim, sem fram fóru út af láti manns þess, sem lögreglan í Reykjavík fann meðvitundarlausan á gangstétt fram-

an við Eimskipafélagshúsið aðfaranótt 15. september 1950 og um ræðir í héraðsdómi.

Leitt er í ljós með framangreindri rannsókn, að lögreglumenn þeir, er fluttu hinn meðvitundarlausu mann á lögreglustöðina, huguðu að því, áður en þeir hreyfðu við honum, hvort á honum sæjust nokkrir áverkar, og gátu þeir ekki orðið þess varir. Er á lögreglustöðina kom, athugaði varðstjóri sá, er var á verði, höfuð hins meðvitundarlausu manns og sá þar enga áverka, enda munu þeir ekki hafa verið sýnilegir samkvæmt því, er læknisrannsókn leiddi síðar í ljós. Hins vegar virtist maðurinn sofa djúpum svefni, og áfengislykt lagði úr vitum hans. Höfðu lögreglumennirnir því talsverða ástæðu til að ætla, að um ölvunarsvefn væri að ræða. En þegar þess er gætt, hvernig ástatt var um mann þenna, er hann fannst, og að eigi varð vart neinnar meðvitundar með honum, hvorki á leiðinni á lögreglustöðina né þegar þangað kom, verður að telja, að rétt hefði verið að kveðja þegar í stað til lækni, er framkvæmdi rannsókn á honum. Verður að meta ákærða það til nokkurrar afsökunar, að því er varðar ummæli þau, er greinir í 4. tölulið í héraðsdómi, að þetta var látið undir höfuð leggjast.

Að öðru leyti en nú hefur verið greint, hafa hinar gífurrtu aðdróttanir ákærða í garð lögreglustjórans og lögreglunnar í Reykjavík á engan hátt verið réttlættar. Ber því að staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 1500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Bogason, sæti 4500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Þórólfs Ólafssonar og Ólafs Þorgrímssonar, 1500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 13. nóvember 1950.

Ár 1950, mánudaginn 13. nóvember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4296/1950: Ákærvaldið gegn Agnari Bogasyni, sem dómtekið var 3. sama mánaðar.

Málið er höfðað gegn Agnari Bogasyni ritstjóra, til heimilis í Tjarnargötu 39 hér í bæ, fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 241. gr. sömu laga, til refsingar, ómerkingar ummæla, greiðslu birtingarkostnaðar dóms og sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 10. ágúst 1921 í Reykjavík.

Hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1949 2/11 Sátt: 75 króna sekt fyrir ökuhraða.

1949 13/12 Dómur á bæjarþingi: 300 króna sekt fyrir brot gegn ákvæðum 234. gr. hegningalaga.

1950 8/6 Dómur aukaréttar: 1000 króna sekt fyrir brot gegn 108. gr. hegningalaga.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er ritstjóri og ábyrgðarmaður Mánudagsblaðsins, er kemur út hér í bæ. Í 38. tölublaði 3. árgangs blaðsins, er út kom 2. október s.l., birtist nafnlaus grein með fyrirsögninni: „Lögreglan í Reykjavík varhugaverðasta almannahættan“. Ákærði kveðst hafa ritað greinina. Til efnið virðist vera, að aðfaranótt 15. september s.l. fann lögreglan meðvitundarlausan mann skammt frá lögreglustöðinni. Lögreglan taldi manninn sofa svefni ofurólvaðs manns og lét hann í fangageymslu, enda sáu engir áverkar og vínþef lagði úr vitum mannsins. Morguninn eftir tókst eigi að vekja manninn. Læknir var sóttur til mannsins um hádegisbilið. Ákvað læknir að flytja manninn á sjúkrahús, og þar lézt hann hinn 18. september síðdegis án þess að komast til meðvitundar. Maðurinn reyndist höfuðkúpubrotinn. Birtist frásögn af atburði þessum í blöðum bæjarins 28. september s.l., byggð á skýrslu rannsóknarlögreglunnar, sbr. lögregluréttarskjal nr. 5. Í fyrrnefndri grein Mánudagsblaðsins var margt sagt um lögregluna í Reykjavík og lögreglustjóran, er hann taldi eigi unnt að láta óátalið, og leiddi það til málarekstrar þessa. Lögreglustjóri taldi greinina í heild mjög ærumeiðandi fyrir sig og lögregluna. Hann krafðist

ómerkingar á eftirfarandi ummælum, er hann jafnframt taldi ærumeiðandi móðganir og aðdróttanir:

1. „Lögreglan í Reykjavík varhugaverðasta almannahættan“.
2. „Hörmulegt dæmi um vanrækslu lögreglustjóra“.
3. „Skýrsla þessi rak eins og endahnútinn á þau stórhneyksli, sem skeð hafa hjá götulögreglunni hér í Reykjavík undanfarin ár“.
4. „Án nokkurra frekari aðgerða er manni þessum stungið í kjallarann, og þar er hann látinn dúsa, þar til tvær grimur renna á lögreglumennina, því þeir geta ekki vakið hann“.
5. „Skýrsla sú, sem rannsóknarlögreglan gaf út um þetta mál, er eitt hið fáheyrðasta plagg, sem enn hefur verið samið, og um leið eitt-hvert skýrasta dæmi um framkomu reykvisku götulögreglunnar gagnvart samborgurum sínum og röggsemdarleysi núverandi lögreglustjóra“.
6. „Hún sannar það, sem almenningur reyndar veit, að lögreglan gerir engan mun á, hver í hlut á, þegar hún fremur mannrán sín hér að næturlagi — hvort um þekktan misyndismann er að ræða, slagsmálamann eða alkunnan ribbalda, sem ekki er tjónkandi við á annan hátt en byrgja hann inni í kjallaranum, eða hvort um sé að ræða mann, sem drukkið hefur vín ríkiseinkasölnunnar og verið barinn eða aðeins fallið á steingötur bæjarins og slasað sig“.
7. „Ef svo á að halda áfram, að dómsmálaráðuneytið haldi hendi yfir þeim, sem hvað eftir annað hafa sýnt sig með öllu óhæfa að gegna embætti lögreglustjórans og hafa hemil á liði sínu, þá hlýtur að draga að því, að lögreglan í Reykjavík verður ein varhugaverðasta almannahættan í þessum bæ.“
8. „Maður sá, sem hér hefur orðið sárgrætilegt dæmi um hið svívirðilega embættisbrot lögreglustjórans, er lögreglunni ekki kunnur að neinu vansæmandi með víni eða án.“
9. „Það er nú svo komið, að mönnum, sem hætt er við yfirliði eða einhverju viðlíka, er beinlínis hættulegt að vera á götum úti, ef lögregluþjónn er einhvers staðar í grennd við þá. Hver veit nema þeir vakni í kjallaranum og sleppi ekki, fyrr en þeir hafa greitt brennivínssektir, ef þeir lifa þá dvölinna af?“
10. „Skýrslan sjálf, eins og hún er úr garði gerð, er nógu mikil sönnun á því, hvernig lögreglustjórinn hefur reynzt í embætti sínu.“
11. „— þá yrði bæjarbúum eflaust ljúft að greiða það sem tryggingu á öryggi sínu fyrir lögreglunni sjálfri.“
12. „Hann hefur of lengi haldið hlífiskildi yfir lögreglustjóra, og það skal hann jafnframt vita, að hver blóðdropi, sem fellur í varðstofu lögreglunnar, hlýtur að lokum að lita hendur hans sjálfs sem æðsta valds og yfirboðara í lögreglumálum Íslands.“
13. „Honum ber skylda til þess að víkja lögreglustjóra úr embætti, því að lögreglustjóri segir því aldrei lausu af sjálfsdáðum.“
14. „Blóð samborgara ráðherrans hrópar upp til hans.“

Þegar hin einstöku ummæli eru athuguð, bæði sjálfstætt og í því sam-

bandi, sem þau standa í greininni, er það ljóst, að þau miða öll að því að ófrægja störf lögreglunnar og lögreglustjóra. Eru þau eigi réttlætt af hálfu ákærða. Verður að telja þau meiðandi og móðgandi fyrir lögregluna og lögreglustjóra. Varða þau því ákærða refsingu samkvæmt 108. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af því, að hér er um ítrekað brot af hálfu ákærða að ræða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo ber með lögjöfnun frá 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja öll ummælin.

Kostnað af birtingu dóms þessa ber samkvæmt sömu heimild að dæma ákærða til að greiða lögreglustjóra. Þykir sá kostnaður hæfilega ákveðinn kr. 100.00. Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Framangreind ummæli undir nr. 1—14 skulu vera ómerk.

Ákærði, Agnar Bogason, greiði kr. 2500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði lögreglustjóranum í Reykjavík kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 31. október 1952.

Nr. 74/1952. **Theódór Nóason og Tage Ammendrup**
 gegn
Guðjóni Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Theódór Nóason og Tage Ammendrup, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.
